

# Árt-1.b - upplýsinga- og tæknimennt

---

Kennarar: Guðrún Bára Gunnarsdóttir

1

## Markmið með þessari lotu er að:

Vinna samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla í upplýsinga- og tæknimennt.

## Námsgögn sem við notum:

Notaðar verða tölvur og spjaldtölvur við vinnuna í upplýsinga- og tæknimennt.

Í tengslum við verkefnavinnu og markmið tengjum við námsvefi og forrit sem hæfa efninu hverju sinni og tengjast þeim markmiðum sem verið er að vinna með.

## Kennsluhættir í lotunni:

Nemendur vinna eftir margskonar kennsluaðferðum í upplýsinga- og tæknimennt.

- leiðsagnarnám
- bein kennsla
- sjálfstæð vinna
- samvinna
- paravinna

## Námsmat:

Unnið samkvæmt leiðsagnarnámi og stuðst við leiðsagnarmat í kennslustundum og endurgjöf gefin jafnóðum og verkefnum lýkur.

Nemendur metnir út frá hæfniviðmiðum við lok skólaárs.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.
- Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði.
- Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
- Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.
- Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.
- Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Tækni og búnaður

- Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna.
- Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Sköpun og miðlun

- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.
- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.